

Ed.

639. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Launajafnrétti kvenna og karla er mannréttindamál, sem nú á ört vaxandi fylgi að fagna, og er skeleggri baráttu verkalyðshreyfingarinnar fyrst og fremst svo fyrir að þakka. Í nokkrum starfsgreinum njóta konur þegar sömu launa og karlmenn. Þannig eiga konur, sem eru opinberir starfsmenn, rétt til sömu launa og karlar, þótt framkvæmd þess lagaréttar sé í ýmsum atriðum ábótavant. Einnig hafa verkalyðsfélögin þegar fengið því framgengt sums staðar, að verkakönnum er greitt sama kaup og körlum. Konur, sem vinna við fiskflökun í frystihúsum, fá nú orðið karlmannskaup víðast hvar. Nýlega voru á Skagaströnd gerðir samningar um, að tíma-kaup kvenna skyldi vera hið sama og karla, og víðar á landinu hefur bilið á milli kvenna- og karlakaups mjókkað að mun á þessu ári. Þessi þróun bendir til þess, að óðum muni stytast, þar til fullu jafnrétti verði náð í þessu efni.

Það er ekki margt að heiti þess frumvarps, sem flutt er í efri deild af þrem þingmönnum Alþýðuflokksins. Það nefnist frumvarp til laga um launajöfnuð kvenna og karla. Fyrirsögnin er ágæt í sjálfri sér, en því miður verður ekki sama sagt um meginmál frumvarpsins. Þegar það er athugað, kemur í ljós eitt og annað, sem hlýtur að valda fylgjendum launajafnréttis talsverðum vonbrigðum. Skal nú að því vikið lítillega.

1. Í frumvarpinu er ráðgert, að ekki skuli stigið neitt skref í átt til launajafnréttis fyrr en að einu ári liðnu og að fullum launajöfnuði verði ekki náð fyrr en eftir sex ár. Þetta er langur biðtími, þegar um er að ræða leiðréttingu á viðurkenndu ranglæti.

2. Launajöfnuðurinn á ekki að ná til allra starfsgreina samkvæmt frumvarp-

inu. Þetta gera flutningsmenn sér ljóst og játa í greinargerð. Þeir sleppa starfsgreinum til þess, eins og þeir orða það, „að gera löginn ekki of erfið í framkvæmd og flókin“. Launamisréttið á með öðrum orðum ekki að afnema með lögum þessum, og veldur því viss hlífð við löginn sjálf og framkvæmd þeirra. Það er margt skrytið í kúrhausnum.

3. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins á þriggja manna nefnd að ákveða hina árlegu launahækkun, og verður ákvörðunum hennar ekki áfrýjað. Í þessari nefnd á sæti aðeins einn fulltrúi vinnustéttanna. Hér er því verið að taka af launþegasamtökunum rétt til ákvörðunar um kaupgjaldsmál sín og fá hann í hendur lögskipaðri nefnd. Munu verkalýðssamtökin a. m. k. kunna löggjafanum litlar þakkir fyrir slíka réttarskerðingu.

4. Þá er stéttarfélagunum gert að skyldu að sækja um launahækkunir í nóvember ár hvert eða fá þær ekki ella, að því er virðist. Umsóknirnar ber að senda til fyrrgreindrar þriggja manna nefndar, sem síðan ákveður, hvernig við skuli brugðizt. Öll sýnist þessi skriffinnska, sem krafizt er, undarlega erfið og flókin, þegar þess er gætt, að hér á ekki að vera um annað en lögboðna launahækkun að ræða, sem fyrir fram er ákveðin.

Þau atriði, sem nú hafa verið talin, lýta mjög þetta frumvarp, og ef frumvarpið óbreytt verður að lögum, má allt eins gera ráð fyrir, að þau torveldi og tefji æskilega þróun þess mikla sanngirnismáls, sem launajöfnuður kvenna og karla er. Þá er verr farið en heima setið.

Í 5. gr. frumvarpsins segir, að löginn skerði ekki rétt launþegasamtakanna til að semja um það við atvinnurekendur, að launajöfnuður fái á skemmri tíma en löginn mæla fyrir um. Þetta ákvæði lítur vel út, fljótt á litið, — en hvernig verður það í reyndinni? Vinnuveitendur fá með lögnum í hendur gott vopn, og það munu þeir nota. Öllum tilmælum um launajafnrétti kvenna og karla í náinni framtíð munu þeir vísa á bug með tilvísun til gildandi laga, en samkvæmt þeim næst þessi jöfnuður ekki fyrir en á árinu 1967 og þó raunar aldrei í vissum starfsgreinum.

Alþýðusambandi Íslands var sent þetta frumvarp til umsagnar, og barst heilbrigðis- og félagsmálanefnd svar þess í des. s. 1. Í umsögn Alþýðusambandsins segir svo m. a.:

„Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur rætt um frumvarpið um launajöfnuð kvenna og karla, sem flutt er af Jóni Þorsteinssyni og fleirum.

Það er niðurstaða þessara umræðna, að miðstjórnin treystir sér ekki til að mæla með samþykkt frumvarpsins. Til þess gengur það allt of skammt.

Kvennasamtökin í landinu hafa þegar sett fram kröfur um, að kvennakaup verði hvergi lægra en 90% af kaupum karla. Nú er kvennakaupið sem næst 78% af kaupum karla. Af því sést, að konurnar hugsa sér að ná launajafnréttinu í tveimur áföngum og þó hinum stærri hlut í samningum þeim, sem nú standa fyrir dyrum.“

Þannig mælir miðstjórn Alþýðusambandsins gegn samþykkt þessa frumvarps. Hins vegar tekur miðstjórnin það fram í lok greinargerðar sinnar, að henni sé kunnugt um, að annað frumvarp um sömu laun kvenna og karla liggja fyrir Alþingi, og með því að það gangi lengra en þetta frumvarp í öllum atriðum, þá mælir hún eindregið með því, að það verði samþykkt.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd klotnaði við afgreiðslu þessa máls. Leggur 2. minni hl. til, að frumvarpinu verði í öllum atriðum breytt til samræmis við frv. til laga um sömu laun kvenna og karla, en það frv. fluttu Hannibal Valdimarsson o. fl. í neðri deild í vetur, og hefur það síðan legið óafgreitt í nefnd.

Breytingartillögur 2. minni hluta eru prentaðar á sérstöku þingskjali, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsöguræðu.

Alþingi, 24. marz 1961.

Alfreð Gíslason, lækur.